

Beitarhólf í Hafnarfirði - Kjóadalur

1.3 '18

Minnisblað

Búið er að auglýsa beitarhólfið í Kjóadal og bárust umsóknir frá Íshestum og Hraunhestum.

Bæði fyrirtækin hafa lýst yfir vilja sínum til að stækka við sig og óska eftir sem mestu svæði til þess að það sé hægt. Í Kjóadalnum hafa verið 40-50 hestar í einu yfir sumartímann og má ætla að það sé nokkurn veginn fjöldinn sem svæðið ber.

Hraunhestar :

Fyrirtækið hefur um 30 hross núna og vilja fjölga uppí 80-90 hross ef þau fengju svæði til að bera þann fjölda. Fram að þessu hafa þau ekki haft aðgang að beitarlandi í Hafnarfirði

Íshestar :

Fyrirtækið hefur um 160 hesta núna og hefur verið að nýta Kjóadalinn sl. 20 ár.

Virðingarfyllst,

Ishmael David
Framkvæmdadeild Hafnarfjarðar